

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnессýslu  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík 5. desember 2017  
UST201710-231/E.B.S.  
13.04.03

**Efni:** Umsögn um tillögu að deiliskipulagi frístundarbyggðar.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Uppsveita bs. er barst 24. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi frístundabyggðar á spildur úr landi Böðmóðsstaða í Bláskógabyggð.

#### *Skipulagssvæðið*

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagið byggi a gildandi Aðalskipulagi Bláskógabyggðar þar sem gert er ráð fyrir frístundabyggð. Landið tileyri Böðmóðsstöðum 1 (L.167625). Skipulagið gerir ráð fyrir 42 sumarhúsalóðum mismunandi að stærð frá um 0,5 - 1,41 hektarar að stærð. Skipulagssvæðið er sagt 37ha að stærð og liggja á þrjá vega að landi Böðmóðstaða en á þá fjórðu að lóðum í Kolviðarholtsmýri 1-3. Engar skráðar minjar eru sagðar á skipulagssvæðinu. Hvað gróðurfar varðar kemur fram í greinargerðinni að leitast skuli við að halda sem mest í núverandi gróðurfar, sem einkennist af mólendi með berjalyngi, birki og íslenskum víðitegundum. Þá segir að gera megi ráð fyrir að vinsælt verði að ganga niður að Apavatni en gert er ráð fyrir opnu svæði þar til sameiginlegra nota og að í framtíðinni mætti hugsa sér að þar yrði gert ráð fyrir bryggju fyrir litla báta. Einnig er greint frá því að fráveitur verði leystar með rotþróum við hvert hús. Þar sem svæðið geti verið að byggjast upp á löngum tíma og tilviljun í hvaða röð lóðir seljast er ekki talið ráðlegt að vera með sameiginlegar rotþrær á lóðarmörkum.

#### *Gróðurfar og lífriki*

Lýsing á gróðurfari er knöpp í greinargerðinni og ekki er minnst á fuglalíf eða annað dýralíf, jarðmyndanir eða vistkerfi. Ástæða er til að áréttu að með nýjum lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd hafa orðið breytingar á því hvað fellur undir *sérstaka vernd* samkvæmt lögnum og þar er nú m.a. að finna *birkiskóga*, sbr. b.lið 1. mgr. 61. gr. laganna. Ákvæðum um sérstaka vernd hefur jafnframt verið breytt á þá leið að nú ber að forðast að raska vistkerfum og jarðminjum sem njóta sérstakrar verndar nema brýna nauðsyn beri til, sbr. 3. mgr. 61. gr. laganna. Áður var eingöngu talað um að forðast skyldi röskun eins og kostur er.

Þá er í greinargerðinni ekki fjallað um það hvort eða með hvaða hætti verði leitast við að draga úr áhrifum athafna á lífríki í og við Apavatn. Stöðuvötn 1.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli eða stærri njóta *sérstakrar verndar* skv. a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 og skal samkvæmt ákvæðinu einungis raskað þegar *brýna nauðsyn* ber til. Fjölskrúðugt fuglalíf er við vatnið og votlendi í nágrenni þess. Vatnið er jafnframt fiskauðugt. Meðaldípi vatnsins er einungis um 1,8 m. og mesta dípi þess um 3 m. Einnig eru mikilsverð mýrarsvæði norðan og austan Apavatns, bæði hvað varðar gróðurfar og fuglalíf. Í Runnamýri er votlendi með fjölbreyttu gróðurfari og stórum þúfum og er það mikilvægt varpland andfugla og mófugla. Þá fellur Apavatn einnig undir verndarmarkmið náttúruverndalaga, sbr. 2. gr., sbr. og c. liður 3. gr.

Ennfremur er skylt, skv. 62. gr. framangreindra laga, að leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 er mælt fyrir um að utan þéttbýlis skuli ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 metra, sbr. 5.3.2.14. gr.

Hvað varðar bátabryggju við Apavatn í framtíðinni er á það bent að áður hefur verið reynt að halda úti bryggjum við Apavatn. Bryggjurnar voru hins vegar fjarlægðar vegna þess að illa tókst að festa stoðir þeirra í vatninu sökum leðju og kvíksyndis sem þar er. Afar torvelt virðist vera að festa þar bryggjustoðir án mikils rasks.

Áhrif á náttúru svæðis ber að meta út frá heildará lagi sem á svæðinu er eða það kann að verða fyrir, sbr. 10. gr. nvl. Samkvæmt varúðarreglu 9. gr. nvl. skal, þegar tekin er ákvörðun án þess að fyrir liggi með nægilegri vissu hvaða áhrif hún hefur á náttúruna, leitast við að koma í veg fyrir mögulegt og verulegt tjón á náttúruverðmætum.

### *Fráveitur*

Skipulagið gerir ráð fyrir 42 sumarhúsalóðum. Umhverfisstofnun bendir á að fráveita þarf að vera í samræmi við reglur um fráveitur og skólp og leiðbeiningar Umhverfisstofnunar. Samkvæmt 4. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna skal sameiginleg fráveita vera til staðar í þéttbýli þar sem íbúar eru fleiri en 50 og fjarlægð á milli húsa er að jafnaði undir 200 m. Sveitarfélög eiga að koma á fót og starfrækja fráveitur í þéttbýli. Fyrir byggð utan þéttbýlis gildir að fráveita á að vera til staðar þar sem fjöldi húsa er u.p.b. 20 á hverja 10 ha og/eða atvinnustarfsemi felur í sér losun sem nemur u.p.b. 50 persónueiningum eða meira á hverja 10 ha. Nægir að annað þessara skilyrða sé uppfyllt.

Í greinargerð með deiliskipulaginu kemur fram að gert er ráð fyrir að fráveitur verði leystar með rotþróm við hvert hús. Þar sem svæðið geti verið að byggjast upp á löngum tíma og tilviljun í hvaða röð lóðir seljast er ekki talið ráðlegt að vera með sameiginlegar rotþrær á lóðarmörkum. Umhverfisstofnun telur að líta beri til 16. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp en samkvæmt greininni skal í hverfi íbúðarhúsa, frístundahúsa, atvinnuhúsnæðis og þar sem fram fer umfangsmikið tómstundastarf komið á sameiginlegu fráveitukerfi, sbr. þó 3. mgr. 18. gr. reglugerðarinnar þar sem segir:


*„Par sem lagning safnrcesa þykir ekki álitlegur kostur annaðhvort vegna þess að það hefur ekki umhverfisbætandi áhrif eða það hefur í för með sér óhóflegan kostnað skal nýta önnur kerfi sem vernda umhverfið jafn vel.“*

Umhverfisstofnun lítur svo á að uppfylla verði skilyrði framangreindrar 16. gr. reglugerðar nr. 798/1999, nema sýnt hafi verið fram á að aðstæður séu með þeim hætti að aðrar lausnir séu nauðsynlegar.

Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á því að samkvæmt 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn megnun vatns, er megnun vatns óheimil. Losun efna og úrgangs í vatn er óheimil nema í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar, viðauka með henni og starfsleyfa.

Þá telur Umhverfisstofnun ástæðu til að benda sveitarféluginu á mikilvægi þess að setja fram stefnu og/eða ákvæði í svæðis-, aðal- eða deiliskipulagi um verndun Apavatns.

Virðingarfyllst,



Kristín S. Jónsdóttir  
sérfræðingur



Eva B. Sólan Hannesdóttir  
lögfræðingur